

Þingmenn Norðausturkjördæmis

Fjallabyggð, 17. desember 2018  
Nr. erindis 1808044 / GIB

Efni: Snjóflóðavarnir á Siglufirði

## Ágæti þingmaður

Fjallabyggð vill vekja athygli ykkar á málefnum „Framkvæmdir við stoðvirki á Siglufirði“. Eftir er að framkvæma síðasta áfanga snjóflóðavarnanna til að öryggiskröfur vegna snjóflóðahættu séu uppfylltar.

Nú er staðan þannig, að hættulína (rauð lína) vegna snjóflóða gengur í gegn um miðja hótelbyggingu, Sigló Hótel. Þegar byggingarleyfið var gefið út af Fjallabyggð vegna hótelbyggingarinnar, var það gert með skilyrðum í samráði við umhverfisráðuneytið, sem fer með skipulagsmál í landinu. Þar segir, m.a. að snjóflóðaöryggismál vegna hótelins verður að vera leyst fimm árum eftir að byggini þess er lokið en það var árið 2015. Þetta má sjá í meðfylgjandi gögnum.

Bæjarráð Fjallabyggðar fer fram á, að þingmenn Norðausturskjördæmis leggi þessu mikilvæga máli lið, með því að stuðla að því að framkvæmdakostnaður við þennan síðasta áfanga stoðvirkja verði fjármagnaður.

Ef ekkert verður að gert, þá mun byggingarleyfið væntanlega falla úr gildi á árinu 2020, þar sem öryggismál vegna snjóflóðahættu hafa ekki verið leyst.

Bæjarráð mun óska eftir að þingmenn kjördæmisins komi í heimsókn til Fjallabyggðar á næstu kjördæmadögum á nýju ári til að ræða þetta mál.


Bæjarráð Fjallabyggðar óskar þingmönnum gleðilegra hátíða og þakkar fyrir samskiptin á liðnum árum.

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

Gunnar Ingi Birgisson  
Bæjarstjóri

Fylgiskjöl: Samskipti milli Fjallabyggðar og Ofanflóðasjóðs

# Fjallabyggð



Stjórn Ofanflóðasjóðs  
Bt. Hafsteins Pálssonar framkvæmdarstjóra  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 17. August 2018  
Nr. erindis 1808044 / ÁVS

Efni: Stoðvirki Siglufirði.

Ágæta stjórn,

Í haust mun framkvæmdum við 3 áfanga á uppsetningu stoðvirkja á Siglufirði ljúka. Þá standur eftir 4 áfangi stoðvirkja, en að honum loknum er væntanlega framkvæmdum við snjóflóðavarnir á Siglufirði lokið.

Það er alveg bráðnausynlegt á halda áfram vinnu við snjóflóðavarnirnar aðallega út af einu atriði. Þegar áhættumat var gert fyrir byggingu Hótel Sigló við Snorragötu var hálf hótelbyggingin innan rauðrar snjóflóðahættulína þ.e. innan hættusvæðis. Byggingarleyfi fyrir hótelbyggingunni var gefið út með því skilyrði, að framkvæmdum við snjóflóðavarnir á Siglufirði yrði lokið innan 5 ára frá byggingu hotelsins, en byggingu við það lauk árið 2015, svo að loka dagsetning á uppsetningu snjóflóðavarna er árið 2020. Þannig að framkvæmdir við 4 áfanga uppsetningu stoðvirkja verða að hefjast árið 2019 og ljúka árið 2020.

Þá má einnig benda á, að öll aðstaða og búnaður er til staðar í fjallinu og ef boðið verður út í veturnar mun talsvert fé sparast í aðstöðusköpun.

Einnig má benda á að hönnun á 4 áfanga ætti að vera fljóttleg, þar sem hún er keimlíc fyrri áföngum.

Bæjarráð Fjallabyggðar óskar því eftir því við stjórn Ofanflóðasjóðs, að haldið verði áfram með framkvæmdir við uppsetningu stoðvirkja á Siglufirði.

Með bestu kveðjum að norðan,  
f.h. Bæjarráðs Fjallabyggðar

Gunnar Ingi Birgisson Bæjarstjóri  
Bæjarstjóri

Nr. 1808044

16.02.



Fjallabyggð  
Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is


Reykjavík 24. september 2018  
Tilv.: UMH18080063/02 1-11

Á 219. fundi Ofanflóðanefndar var fjallað um erindi Fjallabyggðar dagsett 17. ágúst 2018 varðandi framhald framkvæmda við ofanflóðavarnir í Fjallabyggð. Fyrilliggjandi fjármálaáætlun gerir ráð fyrir að ljúka eigi sex framkvæmdaverkefnum fyrir árslok 2023 og lýkur þemur þeirra í ár. Miðað er við að framkvæmdir hefjist við ofanflóðavarnir undir Urðarbotnum í Neskaupstað á næsta ári og er áætlaður framkvæmdatími þrjú ár auk vinnu við gróðurfrágang. Að óbreyttum fjárheimildum hefjast framkvæmdir við aðrar varnir ekki fyrr en á árinu 2021.

Fyrir hönd Ofanflóðanefndar




Sigríður Æður Arnardóttir



Hafsteinn Pálsson





Ofanflóðasjóður  
B.t. Hafsteinn Pálsson  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 17. Október 2018  
Nr. erindis 1808044 / GIB

## Efni: Snjóflóðavarnir á Siglufirði.

Bæjarráð Fjallabyggðar lýsir vonbrigðum sínum með bréf Ofanflóðanefndar frá 24.09.'18. Fólk verður að átta sig á alvöru og staðreyndum þessa máls. Rétt er að benda á eftirfarandi:

1. Framkvæmdaáætlun vegna snjóflóðavarna á Siglufirði 2012 – 2020, sem fylgir hér með.
  2. Byggingarleyfi, sem gefið var út 04.12'13 vegna hótelbyggingar við Snorragötu, sem tekið var í notkun árið 2015. En í deiliskipulagi fyrir svæðið segir meðal annars:

„Þó er heimilt að veita leyfi fyrir hótelbyggingu á þeim hluta byggingarreits sem er innan hættusvæðis B, ef bygging er annað hvort hönnuð til að standast ástreymisþrýsting skv. töflu III í 21 gr. sömu reglugerðar, eða að fyrir liggi ákvörðun sveitarstjórnar um að innan fimm ára verði svæðið varið með varanlegum varnarvirkjum skv. staðfestri aðgerðaráætlun um aðgerðir sveitarfélagsins sbr. 22 gr. sömu reglugerðar“.
  3. Ef Ofanflóðaneftir áætlar að halda því til streitu, að hefja ekki framkvæmdir fyrr en árið 2021 og ljúka þeim árið 2023, þá mun byggingarleyfið væntanlega falla úr gildi árið 2020. Formaður stjórnarinnar ætti að skilja best, hversu málið er alvarlegt.

Bæjarráð fer fram á, að Ofanflóðaneftir endurskoði ákvörðun sína, sem fram kom í bréfi nefndarinnar frá 24.09'18.

Með bestu kveðjum að norðan.

## Virðingarfyllst, f.h. Bæjarráðs Fjallabyggðar

 Gunnar Birgisson  
Bæjarstjóri


Fylgiskjöl: Framkvæmdaætlun vegna snjóflóðavarna í Siglufirði 2012-2020  
Bókun bæjarráðs frá 09.08.'12.



## Framkvæmdaáætlun vegna snjóflóðavarna í Siglufirði 2012-2020

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í Siglufirði hófust með byggingu tveggja leiðigarða syðst í bænum „Stórabola“ og „Litlabola“ vorið 1998. Með þeiri framkvæmd var hættulegasti hluti byggðarinnar varinn. Næstu framkvæmdir hófust vorið 2003 með gerð fimm þvergarða fyrir ofan alla byggðina og eins leiðigarðs norðan við byggðina. Sumarið 2004 voru reist um 630 m löng stoðvirkja í Gróuskarðshnjúki, sem var fyrsti áfangi af gerð stoðvirkja í fjallshlíðinni ofan byggðar í Siglufirði.

Þvergarðarnir ofan byggðarinnar veita ekki fullnægjandi vörn, enda var við hönnun þeirra gert ráð fyrir upptakasoðvirkjum í Hafnarfjalli til að binda snjóþekjuna. Í tillögum Svíssnesku snjóflóðarannsóknarstofnunarinnar SLF í skýrslu dags. febrúar 2001, er lagt til að fyrst verði farið í stoðvirkji í Gróuskarðshnjúki, sem einskonar tilraunaverkefni. Í öðrum áfanga yrði ráðist í uppsetningu stoðvirkja á svæði í 1. „Norður Fífladöllum“ sem var talið hættulegasta upptakasvæði snjóflóða yfir byggðinni í Siglufirði.



Ákveðið hefur verið að reisa ekki stoðvirkji á svæði merktu 4. Hvanneyrarskál.

Í eftirfarandi töflu eru tilgreindar lengdir stoðvirkja á hverju svæði, samkvæmt skýrslu SLF, en lengdir geta breyst við endanlega útsetningu.


### Stoðvirkir á Sigrufirði

(Heimild skýrsla SLF G2001-01)

Sv	Helti	Zone	Tafla	lengd	Ath
1	Fífladalir/Skriðulækjargil		11	1.722	
1	Fífladalir, norðurhluti	1	13	1.910	1. áf. að hluta
2	Norður Fífladalir	2	14	774	1. áf. að hluta
3	Hafnarhyrna/Gimbraklettar	3	18	511	1. áf. að hluta
2	Norður Fífladalir, neðra sv.	4	16	2.314	
3	Hafnarhyrna Gimbraklettar		18	514	1. áf. að hluta
4	Hvanneyrar-skál		20	748	Fellt út
5	Gróuskarðshnjúkur, suður		22	630	Búið að framkvæma
			Samtals óunnloð		7.745 m
			„Tilbúlög“ til útboðs		1.761 m

1. Áf. hluti af Zone 1, 2 og 3 og svæði 3 er uppmældur og tilbúinn til útboðs alls 1761 m

Eins og sjá má á Hættumatskortinu þá er mjög stórr hluti byggðarinnar á hættusvæði C, þrátt fyrir að búið sé að koma upp þvergörðum. Ásættanlegu öryggi er ekki náð fyrir líða byggðarinnar fyrir en reist hafa verið stoðvirkir í fjallhlífinni eins og tilögur Svissnesku snjóflóðaranangsóknarstofnunarinnar gera ráð fyrir.



Úrkippa úr hættumatskorti VÍ, sem staðfest var af ráðherra 22. mars 2002

Árið 2005 voru tveir austurrískir snjógrindasérfræðingar fengnir til að setja út grindur á því svæði sem talið er brýnast að hefja framkvæmdir við. Gerð var ákveðin breyting á svæðaskipan vegna snjósöfnunarvaldamála, þannig að í næsta áfanga stoðvirkja yrði tekinn hluti af svæðnum „Fífladalir norðurhluti“ af svæði 1, „Norður Fífladalir“ af svæði 2 og „Hafnarhryna/Gimbraklettar“ af svæði 3. Samtals eru það um 1760 m af stoðvirkjum þar sem búið er að setja út í landinu og innmæla með GPS mælingu. Þessi hluti er tilbúinn til útbodshönnunar, þar sem lísta má á skýrslu Michael POSCH og Thomas HUBER frá 23. II.2005, sem frumáætlun fyrir 2. verkáfanga.

Gerð er eftirfarandi tillaga að framkvæmdaætlun fyrir gerð stoðvirkja í Hafnarfjalli, yfir byggðinni í Siglufirði á árunum 2013-2020.

### Stoðvirki í Siglufirði--Framkvæmdaáætlun 2012-2020

Nr.	Verkbáttur	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
1	Útbod stálsmíði 2. áfangi 1800m	■								
2	Vegalígn í Fífladal	■								
3	Jarðvegskönnun	■								
4	Útbod uppsetningar 2. áfangi 1800m	■		■	■					
5	Borun og uppsetning 1800m	■	■	■	■					
6	Útbod stálsmíði 3. áfangi 1800m				■					
7	Útbod uppsetningar 3. áfangi 1800m				■					
8	Borun og uppsetning 1800m				■	■				
9	Útbod stálsmíði 4. áfangi 1800m					■				
10	Útbod uppsetningar 4. áfangi 1800m					■				
11	Borun og uppsetning 1800m					■	■			
12	Útbod stálsmíði 5. áfangi 1800m						■			
13	Útbod uppsetningar 5. áfangi 1800m						■			
14	Borun og uppsetning 1800m						■	■	■	
Uppsett (Samtals um 7,2-7,7 km)			900	900	900	900	900	900	900	900
Kostnaður Mkr. (gróft áætlaður 400.000/m)		40	360	360	360	360	360	360	360	360

Til þess að unnt verði að hefja framkvæmdir árið 2013 þarf að vinna talsverða undirbúningsvinnu á árinu 2012, og koma þær aðgerðir einnig fram í áætluninni.  
Tekið skal fram að kostnaðartölur eru grófar.

Geit er ráð fyrir að við áfangaskiptingu framkvæmdanna verði miðað við að síðast verði reist stoðvirki á svæði merktu Fífladalir/ Skriðulækjargil, en snjóflóð, sem eiga upptök á því svæði lenda ekki á fyrirhuguðu byggingasvæði fyrir hótel við Smábáthöfn, sem kemur fram á óstaðfestu deiliskipulagi.

# One



**Heiti:** Bæjarráð Fjallabyggðar - 265 (9.8.2012)  
**Fyrirtæki:** Fjallabyggð  
**Mál:** Snorragata - deiliskipulag  
**Númer:** 1005165  
**Dagsetning fundar:** 9.8.2012

**Niðurstaða:****Athugasemdir:**

**Niðurstaða** Í erindi Skipulagsstofnunar frá 9. ágúst 2012 kemur fram að stofnunin hefur skoðað málið að nýju og telur að með skyrari skilmálum um takmörkun á veitingu byggingarleyfa sé hægt að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 505/2000, sbr. einnig gr. 3.1.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Til þess þarf sveitarstjórn að taka deiliskipulagið til umræðu á nýjan leik.

Lögð fyrir að nýju afgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar frá 16. nóvember 2011, þar sem lagðar eru til breytingar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi Snorragötu, settar fram á uppdrætti og í greinargerð, dags. 7. júní 2011, breytt 2. sept. 2011 og í greinargerð með sömu dagsetningum.

Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslagar nr. 123/2010, samþykkir bæjarráð í umboði bæjarstjórnar, deiliskipulagið með áorðnum breytingum frá 2. sept. 2011, nema hvað orðalagi í kafla 5.3. um húsagerðir á bls. 16 skal breytt á eftirfarandi hátt:

**5.3. Húsagerðir**

H1 - Hótelbygging að hámarki 5.000 m<sup>2</sup>. Bygging skal vera allt að 2 hæðir og skal hæð þess ekki fara yfir 12 m.

S1 - Lýsistankur að hámarki 10 m<sup>2</sup>. Hæð byggingar skal ekki fara yfir 7 m.

S2 - Þjónustuhús að hámarki 370 m<sup>2</sup>. Bygging skal vera allt að 2 hæðir og skal hæð þess ekki fara yfir 7,5 m.

S3 - Þurrkhjallur að hámarki 30 m<sup>2</sup>. Hæð byggingar skal ekki fara yfir 3 m.

S4 - Naust að hámarki 60 m<sup>2</sup>. Hæð byggingar skal ekki fara yfir 5 m.

Ekki er gert ráð fyrir fastri búsetu á svæði fyrir þjónustustofnanir.

Ekki er heimilt að veita byggingarleyfi fyrir hótelbyggingu á reit H1 fyrr en endurnýjað hættumat sem heimilar slíka byggingu liggur fyrir, sbr. reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. Þó er heimilt að veita leyfi fyrir hótelbyggingu á þeim hluta byggingarreits sem er innan hættusvæðis B ef byggingin er annað hvort hönnuð til að standast ástreymisþrýsting skv. töflu II í 21gr. (áður 19. gr.) sömu reglugerðar, eða að fyrir liggi ákvörðun sveitarstjórnar um að innan fimm ára verði viðkomandi svæði varið með varanlegum varnarvirkjum skv. staðfestri aðgerðaáætlun um aðgerðir sveitarfélagsins, sbr. 22. gr. (áður 20 gr.) sömu reglugerðar.

Bæjarráð felur deildarstjóra tæknideilda að láta lagfæra deiliskipulagsgögnin sbr. framangreint, senda Skipulagsstofnun lagfærð og undirrituð gögn og birta auglýsingum um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

nr. 1808044

16.02.



Fjallabyggð  
Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 27. nóvember 2018  
Tilv.: UMH18080063/021-11


Á 220. fundi Ofanflóðanefndar var fjallað um erindi Fjallabyggðar dagsett 17. október 2018 varðandi framhald framkvæmda við ofanflóðavarnir í Fjallabyggð. Ofanflóðanefnd tekur undir mikilvægi þeirra ofanflóðavarna sem fjallað er um í erindi yðar. Rétt er að nefna að Ofanflóðanefnd er bundin af þeim fjárhheimildum sem ákveðnar eru í fjárlögum hvers árs. Í öðru lagi þá verður aðeins unnt að hefja framkvæmdir við eitt ofanflóðavarnaverkefni á árinu 2019 verði það frumvarp til fjárlaga sem er nú til umfjöllunar hjá Alþingi að lögum. Í þriðja lagi þá er ítrekað með vísan til fyrra bréfs nefndarinnar að ef fjárhheimildir verða óbreyttar næstu árin samkvæmt fjármálaáætlun þá er ljóst að ekki verður unnt að hefjast handa við næsta verkefni fyrr en í fyrsta lagi tveimur árum síðar.

Rétt er að taka fram að fjöldi ofanflóðavarnaverkefna sveitarfélaga bíða þess að fjárhheimildir leyfi að unnt verði að hefjast handa. Ákveðið hefur verið að næsta verkefni verði varnir undir Urðarbotnum í Neskaupstað.

Fyrir hönd Ofanflóðanefndar



Sigriður Auður Arnardóttir



Hafsteinn Pálsson